

Sp.

712. Tillaga til þingsályktunar

[302. mál]

um sáttanefnd í Laxárvirkjunardeilunni.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Gisli Guðmundsson, Ingvar Gislason, Stefán Valgeirsson, Eysteinn Jónsson, Ásgeir Bjarnason, Ágúst Þorvaldsson, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa samkv. tilnefningu hæstaréttar þriggja manna nefnd, sem vinni að því í samráði við sýslumennina í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum, að deila sú, sem nú er uppi, út af áætlun um virkjunarframkvæmdir við Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu, leysist á viðunandi hátt og með samkomulagi milli deiluaðila. Hraða skal skipun nefndarinnar svo sem unnt er, enda taki hún síðan til starfa þegar í stað.

Sáttanefndinni er heimilt að taka að sér að starfa sem frjáls gerðadómur í deilunni, ef báðir deiluaðilar óska þess.

Greinargerð.

Sáttatilaunir þær í Laxárvirkjunardeilunni, sem sýslumennirnir í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum hafa haft með höndum að tilhlutan raforkumálaráðherra, virðast hafa fallið niður, án þess að tekizt hafi að leysa málið. A. m. k. virðist eins og sakir standa ekki útlit fyrir það, að sýslumennirnir haldi sáttatilaunum áfram, enda eru þeir önnur kafnir við önnur störf og aðstaða þeirra að ýmsu leyti óhæg, þótt hér sé um að ræða glögga menn og góðgjarna, sem án efa hafa unnið samvirkusamlega að þessu máli. Á síðustu sáttafundum var því hreyft a. m. k. af öðrum deiluaðilanum, að hyggilegt væri, að stofnun óháð ríkisstjórninni og þá helzt hæstiréttur tilnefndi sáttasemjara. Í þessari tillögu er lagt til, að skipuð verði sáttanefnd, eins og stundum hefur verið gert í kjaradeilum, þegar mikils þótti við þurfa, og að sáttanefndin verði skipuð samkv. tilnefningu hæstaréttar. Einnig gæti komið til greina, að ríkissáttasemjarinn í vinnudeilum væri einn af þessum nefndarmönnum eða maður tilnefndur af honum, þar sem ríkissáttasemjarinn hefur mikla reynslu í sáttameðferð viðkvæmra deilumála, þó að á öðru sviði sé en Laxárvirkjunardeilan. Og sjálfsagt er, að sáttanefndin hafi samráð við sýslumennina tvo, sem án efa gætu gefið henni mikilsverðar upplýsingar um þær samkomulagstilaunir, sem gerðar hafa verið.

Rétt þykir að vekja athygli á því, að ef til greina kæmi að stöðva — á ríkiskostnað — um lengri eða skemmri tíma það verk, sem nú er hafið við gröft jarðganga, virðist eðlilegt, að ákvörðun um slíkt yrði hluti af væntanlegu samkomulagi, ef það tækist, enda hefur hæstiréttur þegar dæmt Laxárvirkjun rétt til að vinna það verk út af fyrir sig, en hins vegar ákveðið lögbann við því að breyta straumstefnu árinna o. fl., að settri lögbannstryggingu.

Óhætt er að fullyrða, að þess er almennt óskað og ekki sízt í þeim landshluta, sem hér á einkum hlut að máli, að samkomulag takist í deilumáli því, sem hér er um að ræða. Hefur það án efa verið von margra, að núverandi ráðherra raforkumála tækist að koma þessu samkomulagi í kring, enda hefur hann með réttu talið það hlutverk sitt, þar sem ráðuneyti raforkumála og Orkustofnunin, sem heyrir undir það, bar á sínum tíma ábyrgð á því, að virkjun var ákveðin og hafin. En rétt þykir, að Alþingi fyrir sitt leyti láti samkomulagstilaunina til sín taka á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir.

Í tillögunni er gert ráð fyrir, að sáttanefndinni sé heimilt að taka að sér að starfa sem frjáls gerðardómur í Laxárvirkjunardeilunni, ef deiluaðilar verða sammála um að óska þess.